

Aðalfundur BSRB árið 2008

Aðalfundur BSRB var haldinn 17. október í BSRB-húsinu að Grettisgötu 89 og hófst kl. 9. Þátttakendur voru samkvæmt meðfylgjandi lista (fskj. 0.1).

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf skv. 33. gr. laga BSRB
2. Matarhlé
3. Fulltrúar LSR, LSS og SL greina frá stöðu sjóðanna
4. Kaffihlé
5. Staðan í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og áhrif á kjarasamninga
6. Framhald aðalfundarstarfa og önnur mál

Ögmundur Jónasson formaður BSRB setti fundinn og lagði til að Þuríður Einarsdóttir yrði fundarstjóri og Sigurður Á. Friðþjófsson fundarritari.
Samþykkt samhljóða.

1. mál

Venjuleg aðalfundarstörf

- a. Í skugga yfirstandandi efnahagsþrenginga þjóðarinnar hóf Ögmundur Jónasson mál sitt á því að fara með eftirfarandi vísu eftir Þorstein Erlingsson:
*Þegar vetrar þokan grá
þig vill fjötra inni:
svíðu burt og sestu hjá
sumargleði þinni.*
Hann fór síðan yfir skýrslu stjórnar sem lá fyrir fundinum en í henni er rakin starfsemi bandalagsins frá síðasta aðalfundi í nóvember 2007. Vísast hér alfarið til skýrslunnar (fskj. 1).
- b. Jónas Engilbertsson spurði fréttu af Evrópunefndinni sem BSRB á fulltrúa í. Þuríður Einarsdóttir sagði að Páll H. Hannesson væri aðalmaður BSRB í nefndinni og að hann hefði sótt fundi hennar í Brüssel. Sjálf væri hún varamaður Páls og hefði sótt tvo fundi nefndarinnar. Megin niðurstaða heimsóknarinnar til Brüssel hefði verið sú að ekki væri talinn neinn kostur á að taka upp evru nema að því tilskildu að ganga í ESB.
- c. Drífa Valdimarsdóttir kynnti ársreikninga aðalsjóðs og orlofssjóðs (fskj. 2 og 3). Engin umræða var um reikningana. Ársreikningar aðalsjóðs voru þá bornir undir atkvæði og voru samþykktir samhljóða. Reikningar orlofssjóðs BSRB voru því næst bornir undir atkvæði og einnig samþykktir samhljóða.
- d. Drífa Valdimarsdóttir gerði grein fyrir ársreikningi Átaks- og vinnudeilusjóðs (sjá fskj. 4).
Ólafur Hallgrímsson spurði hvort vitað væri hversu miklu sjóðurinn hefði tapað á þeim bréfum sem fjárfest hefði verið í. Drífa sagði að staðan væri óviss en að megnið af fjármunum sjóðsins hefði verið í peningamarkaðsbréfum. Reikningar

Átaks- og vinnudeilusjóðs voru síðan bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

- e. Drífa Valdimarsdóttir kynnti tillögu að rekstraráætlun aðalsjóðs og orlofssjóðs fyrir 2008, (Sjá fskj. 5 og 6). Þá kynnti hún rekstrargjald orlofsheimilanna (Sjá fskj. 7). Hún sagði að gert væri ráð fyrir að iðgjald í aðalsjóð yrði óbreytt, eða 0,32% af föstum launum.

Þuríður Einarsdóttir vék sæti sem fundarstjóri þar sem hún hugðist taka þátt í umræðunni og tók Ögmundur Jónasson sæti hennar. Þuríður benti á að aðildargjaldið hefði verið óbreytt um langt skeið, eða 0,32% af föstum launum. Flest félög BSRB reikni hins vegar aðildargjöld af heildarlaunum og taldi hún að það myndi einfalda uppgjör við BSRB að reikna aðildargjaldið með sama hætti, eða af heildarlaunum. Lagði hún til að það yrði skoðað á árinu að breyta þessu fyrirkomulagi. Hún tók fram að með þessu væri ekki ætlunin að hækka gjöld á aðildarfélögin. Ögmundur bar upp tillögu Þuríðar undir þeim formekjum að vísa tillögu hennar til stjórnar og var það samþykkt samhljóða.

Þuríður tók aftur við fundarstjórn og bar upp rekstraráætlun aðalsjóðs og var hún samþykkt samhljóða. Þá bar hún upp rekstrargjald orlofsheimilanna sem var óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt samhljóða.

Rekstraráætlun orlofsbyggða BSRB fyrir árið 2009 var einnig samþykkt samhljóða.

- f. Kosning þriggja manna í Átaks- og vinnudeilusjóð. Þuríður Einarsdóttir lagði til að vörsluaðilar Átaks- og vinnudeilusjóðs yrðu hinir sömu og áður; Guðbjörn Arngrímsson, Helga Dögg Sverrisdóttir og Gunnar Magnússon. Samþykkt samhljóða með lófataki.
- g. Kosning formanns stjórnar orlofsheimilanna og tveggja meðstjórnenda. Þuríður lagði til að stjórnin yrði óbreytt, Arna Jakobína Björnsdóttir yrði formaður og meðstjórnendur þeir Jónas Magnússon og Guðjón Steinsson. Samþykkt samhljóða með lófataki.
- h. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara. Lagt til að aðalmenn yrðu Trausti Hermannsson og Áslaug Magnúsdóttir, varamenn Gunnbjörn Marinósson og Birna S. Karlsdóttir. Samþykkt samhljóða.
- i. Kosning löggilts endurskoðanda. Tillaga um Guðmund Óskarsson samþykkt samhljóða.

Kynning á orlofsmálum

Árni Stefán Jónsson kynnti tillögur þriggja manna starfshóps um endurskipulagningu orlofsheimila BSRB. Auk hans sátu í hópnum Arna Jakobína Björnsdóttir og Garðar Hilmarsson. Tillögur hópsins gengu út á að stofnaður verði eignarsjóður BSRB sem taki við eignum Orlofssjóðs BSRB. Rekstur orlofshúsanna og umráðaréttur færist til félaganna sem gera með sér félagasamning sem inniheldur m.a. stofnun rekstrarfélags um reksturinn og tæki félagið við rekstrinum 1. janúar 2009. Lán frá Átaks- og vinnudeilusjóði BSRB yrði gert upp með þeim hætti að aðildarfélag BSRB fengi hús og fylgdi með hverju húsi lán að upphæð 1,1 milljón króna. Fyrir fundinum lágu drög að reglugerð fyrir „Eignarsjóð BSRB“ og drög að félagssamningi fyrir „Rekstrarfélag orlofsbúða Munaðarness“ (sjá fskj. 8 og 9).

Miklar umræður urðu um málið og fannst sumum fundarmanna þeir ekki hafa verið nægilega upplýstir fyrir fundinn og kom fram tillaga frá Kristínu Á. Guðmundsdóttur og Elínu Björgu Jónsdóttur um að ákvörðun um stofnun hugsanlegs rekstrarfélags yrði frestað til framhaldsaðalfundar sem haldinn yrði 5. desember nk. Ögmundur Jónasson sagði brýnt að menn væru samferða í málinu og lagði til að málið yrði afgreitt seinna á fundinum.

Matarhlé

2. mál Fulltrúar LSR, LSS og SL greina frá stöðu sjóðanna

Fulltrúar frá LSR, LSS og SL mættu á fundinn og gerðu grein fyrir stöðu lífeyrissjóðanna. Það voru þeir Haukur Hafsteinsson frá LSR, Guðmundur Pálsson frá SL og Kristján Sveinlaugsson frá LSS. Þá flutti Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða (LL) einnig ávarp. Í skýrslu stjórnar fyrir aðalfundinn eru greinargerðir frá lífeyrissjóðunum og er vísað til þeirra um erindin enda byggð á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Þá er hægt að nálgast glærur frummælenda á heimsíðu BSRB undir „aðalfundur“.

Í máli Hauks Hafsteinssonar kom fram að LSR hefði tapað 22ja milljarða hlutabréfaeign í bönkunum sem mætti líta á sem glatað fé. Sagði hann að $\frac{3}{4}$ hlutar af innlendri hlutabréfaeign lífeyrissjóðsins væru tapaðir. Þá hefðu erlend hlutabréf einnig farið lækandi en á móti kæmi veiking krónunnar. Þá sagði Haukur að innlenda skuldabréfasafnið væri að stórum hluta glatað. Taldi hann að tapið á eignum lífeyrissjóðsins vegna kreppunnar væri um 10 – 20%. Eignarstaða sjóðsins væri að fara í það sem hún var í árslok 2006. Sagði hann að þrátt fyrir allt væri lífeyriskerfi opinberra starfsmanna áfram öflugt. Þá kom fram hjá Hauki að búið væri að blása af hugmyndir um að lífeyrissjóðirnir keyptu hlut í Kaupþingi.

Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða sagði að áfall sjóðanna væri gífurlegt, eignir þeirra hefðu rýrnað um 10 – 30%, sem þýddi lækun á lífeyri hjá almennu lífeyrissjóðunum en lífeyrisréttur hjá opinberum aðilum lækkar ekki. Sagði hann að hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna hefði verið yfir 150 milljarðar króna í ágúst, þar af hefðu sjóðirnir nú afskrifað 80 milljarða hlutafjáreign í bönkunum og stór hluti annarra hlutabréfa væri einnig tapaður. Þá áttu lífeyrissjóðirnir 85 milljarða í skuldabréfum í fyrirtækjum landsins og taldi Hrafn að stór hluti þeirra eigna væri einnig glataður. Sagði Hrafn að skipaður hefði verið vinnuhópur á vegum félagsmálaráðuneytisins til að koma með tillögur um hvernig milda mætti áfallið.

Fulltrúar lífeyrissjóðanna svöruðu síðan fyrirspurnum úr sal. M.a. var spurt um áform lífeyrissjóðanna að leggja fram 100 milljarða króna lán til bjargar bönkunum. Haukur sagði að þetta hefði verið flókið mál úrlausnar en beiðni þessa efnis hefði komið frá ríkisstjórninni. Hins vegar hefði hugsunin verið sú að tryggja þessa fjármuni í ríkisskuldabréfum og að aðrir aðilar legðu fram sambærilega fjárhæð í björgunarstarfið. Það hefði á hinn bóginn komið í ljós að þetta hefði ekki dugað til og því ekkert orðið.

Varðandi séreignarsjóðina kom fram að þeim hefði verið lokað og öll ný iðgjöld færð í leið 3 sem er bundinn innlánsreikningur. Þá var rætt um hvernig hægt væri að mæta

vanda þeirra sem lenda í erfiðleikum með afborganir af lífeyrissjóðslánum og kom fram að verið væri að móta aðferðir til þess að milda afleiðingar af vanskilum.

Kynning á orlofsmálum

Ákveðið var að ljúka umræðum um orlofsmálin fyrir kaffihlé. Þuríður Einarsdóttir bar upp tillögu Elínar Bjargar Jónsdóttur og Kristínar Á. Guðmundsdóttur um að ákvörðun um stofnun rekstrarfélags yrði frestað til framhaldsaðalfundar sem haldinn yrði 5. desember nk. Ögmundur Jónasson kvaddi sér hljóðs og sagði að almenn ánægja virtist vera með þær breytingar sem lagðar væru til í orlofsmálunum en til að þær stæðust lög og reglur BSRB þyrfti að senda tillögurnar út með 3ja vikna fyrirvara. Lagði hann því til að efnt yrði til framhaldsaðalfundar til að ljúka málinu.

Tillaga Ögmundar hljóðaði svo: Framkvæmdanefnd er falið að finna dagsetningu fyrir framhaldsaðalfund eins fljótt og unnt er til að leiða til lykta tillögur um breytingu á reglugerð orlofsheimilanna.

Þuríður bar þá upp tillögu Ögmundar þar sem hún taldi hana ganga lengra en tillögu Elínar Bjargar og Kristínar. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Kaffihlé

Að loknu kaffi opnaði Ögmundur Jónasson nýja vefsíðu BSRB en mikil breyting hefur verið gerð á útliti og innihaldi síðunnar. Ragnar Ingimundarson hagfræðingur kynnti nýja reiknivél sem er á síðunni.

3. mál Staðan í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar og áhrif á kjarasamninga

Ögmundur Jónasson kynnti stöðuna varðandi Endurhæfingarsjóð. Sagði hann að fundað hefði verið með ASÍ og öðrum aðilum sem koma að sjóðnum. Það væri mat sitt og annarra innan BSRB að bandalagsfélagar ættu að gerast aðilar að sjóðnum en til þess þyrfti ákvörðun aðalfundar. Las hann síðan upp eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur BSRB veitir stjórn BSRB og framkvæmdanefnd eftir atvikum heimild til að ganga til samninga um aðkomu bandalagsins að Endurhæfingarsjóði.

Fram kom við umræður um tillöguna að mikilvægt væri að þetta bitnaði ekki á þeim sem þurfa sannanlega að vera á örorku.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ögmundur Jónasson fór síðan yfir stöðuna í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Hann sagði þjóðina eiga í stríði. Það hefði hafist með því að Bretar hefðu gert aðför að Kaupþingi í kjölfar Icesave-málsins og knésett stærsta banka landsins, auk þess sem þeir hefðu sett íslensku þjóðina á lista með hryðjuverkamönnum. Sagði hann að öll íslensk fyrirtæki væru komin á bannlista í Bretlandi og víðar. Þetta væri grafalvarlegt mál og ekki síst fyrir Breta því þessi gjörningur hefði það í för með sér að engin fjármálafyrirtæki í heiminum gætu lengur treyst þeim. Hann rakti síðan málavexti varðandi Icesave reikningana og afleiðingarnar. Sagði hann að 20 þúsund evra ábyrgðin

gagnvart inneignarreikningum yæri fyrst og fremst til þess að bæta fólki skaðann ef einn banki færi á hausinn og er háð því að bankakerfið geti starfað, en í tilfalli Íslands er allt bankakerfið hrunið. Upphæðirnar sem um er að ræða eru 500 til 600 milljarðar króna og væru þung spor að skuldbinda börn okkar og barnabörn til að standa skil á til framtíðar. Taldi hann mikilvægt að við fengjum sem fyrst niðurstöðu varðandi þjóðréttarlegar skyldur okkar gagnvart ábyrgðum af þessu tagi. Þá ræddi hann aðkomu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins að lánveitingu til Íslands. Varaði hann við því að þetta væri engin góðgerðarstofnun heldur myndi bankinn setja ýmis skilyrði fyrir lánveitingu sem gætu orðið okkur þungbær. Ögmundur las síðan upp drög að ályktun aðalfundarins sem dreift hafði verið til fundarmanna.

Lífleg umræða varð um drögin og taldi Guðbjörn Guðbjörnsson mikilvægt að Evrópumálin yrðu sett á dagskrá og tóku fleiri undir með honum. Fram kom að fundarmenn voru reiðir vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Þá komu fram ábendingar um áherslur í drögunum. Var ákveðið að fela Ögmundi og Þorleifi Óskarssyni að ganga endanlega frá ályktuninni. (Sjá fskj. 10).

Varðandi umræðu um Evrópumálin kom fram hjá Árna Stefáni Jónssyni að stefna BSRB í þeim málum væri skýr. BSRB vildi umræðu um málið en tæki ekki afstöðu sem slík.

Ögmundur Jónasson sagði að það hefði verið stefna BSRB að efna til upplýstrar umræðu um mál eins og ESB og evru-mál en bandalagið tæki ekki afstöðu í umdeildum málum á borð við þessi. Það hefði einmitt verið gæfa BSRB. Lagði hann síðan til að efnt yrði til fundar um Evrópumálin og var það samþykkt samhljóða.

Áður en fundi var frestað afhenti Þuríður Einarsdóttir Ögmundi Jónassyni blómvönd en hann hefur nú gegnt formennsku í BSRB í 20 ár.

Fundi var frestað kl.16.

Sigurður Á. Friðbjólfsson

upplýsinga- og fræðslufulltrúi BSRB